

Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 20. janúar 2004.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga, 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 215 – 204. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar, en frumvarpið hefur verið undirbúið af nefnd sérfróðra á vegum viðskiptaráðuneytis. Laganefndin hefur áður haft tækifæri til að tjá sig um frumvarpsdrögin og vísast í því sambandi til umsagnar laganefndarinnar til viðskiptaráðuneytisins, dags. 6. nóvember 2002. Eftirfarandi umsögn laganefndarinnar er að grunni til byggð á þeirri umsögn, en nokkurt tillit hefur verið tekið til athugasemda nefndarinnar, sem þar voru settar fram.

Almennur inngangur. Lög nr. 20/1954 um váttryggingasamninga voru byggð á norrænu lagasamstarfi á sviði váttryggingaréttar. Íslendingar tóku ekki þátt í því samstarfi, en lögfestu árið 1954 þýdda gerð danskra laga frá 1930. Að stofni eru því löggin rösklega sjötíu ára gömul. Eins og fram kemur í ítarlegum almennum athugasemdum með ofangreindu frumvarpi hafa löggin reynst mjög vel, voru sérlega vönduð smíð og veittu mjög mikið svigrúm til þróunar váttrygginga. Hjá því gat þó ekki farið, að nauðsynlegt væri orðið að huga að umfangsmiklum breytingum á lögunum, eða nýrri löggjöf um sömu efni. Í athugasemdunum er m.a. gerð grein fyrir því, að þegar endurnýjun var talin nauðsynleg, voru þeir tveir kostir uppi að breyta lögunum eða setja nýja löggjöf. Eins og nefnt var eru núgildandi lög nánast bein þýðing á dönskum lögum um sama efni. Þótt breytingar hafi verið gerðar á dönsku lögunum, eru þær ekki umfangsmiklar og hafa Danir kosið að bíða með heildarendurskoðun a.m.k. þar til ljóst verður, hvort samræmd löggjöf um váttryggingasamninga verði sett innan Evrópusambandsins. Norðmenn, sem ekki eru í Evrópusambandinu, settu sér ný lög um váttryggingasamninga árið 1989, með gildistöku 1. júlí 1990. Viðskiptaráðherra tók þá stjórn málaákvörðun, að Dana skyldi ekki beðið og var þá ljóst að við endurskoðun íslenskrar löggjafar væri besti kosturinn að taka mjög mið af hinum norsku lögum og er það gert í frumvarpinu.

Segja má, að þau sjónarmið sem ráðandi eru um gerð frumvarpsins, og fela í sér breytingar frá núgildandi réttarskipan, séu einkum stóraukið tillit til hagsmuna váttryggingartaka og váttryggðra, einkum frá neytendasjónarmiðum, og að sama skapi mjög auknar kröfur til váttryggingarfélaganna og þeirra sem selja tryggingar á þeirra vegum. Er þetta í samræmi við þau sjónarmið um aukna neytendavernd, sem setja svip sinn á æ fleiri svið löggjafar. Með lögfestingu á frumvarpinu féllu lög nr. 20/1954 úr gildi og ýmis veigamikil ákvæði laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi, einkum um lagaval við gerð váttryggingasamninga, yrðu flutt í lög um váttryggingasamninga.

Skipan frumvarpsins. Áður var þess getið, að lög nr. 20/1954 um váttryggingasamninga, í frumvarpinu venjulega skammstafað VSL og verður svo gert hér, hefðu reynzt vel og mun það samdóma álit á Norðurlöndum. Þetta gerði að sjálfsgöðu þær kröfur,

að sérlega vel yrði vandað til hinna nýju norsku laga, þau yrðu skýr, útrýmdu álitaefnum eins og kostur er og væru auðveld í notkun, bæði fyrir váttryggingartaka og váttryggingafélög, þótt mjög auknar skyldur yrðu lagðar á þau. Í nefndinni sem samdi íslenska frumvarpið átti sæti framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga og verður því að ætla, að hæfilegt tillit hafi verið tekið til sjónarmiða váttryggingafélaga, eins og nauðsynlegt er um svo þýðingarmikla löggjöf.

Skipan frumvarpsins er snjöll. Því er skipt í tvo meginhluta og fjallar I. hluti um skaðatryggingar, en II. hluti um persónutryggingar, en samsvörun er á milli hlutanna þannig, að í hvorum hluta um sig eru níu kaflar og fjalla t.d. 2. kafli og 11. kafli báðir um upplýsingaskyldu félagsins. Er þetta haganleg skipan og auðveldar mjög notkun. Sýnist þessi leið heppilegri en sú sem Finnar fóru með lögum sínum um váttryggingasamninga frá 1994 að fjalla samhliða um bæði skaða- og persónutryggingar, sem leiðir til afbrigða innan hverrar greinar og gerir lögin erfiðari í notkun.

Í öðru atriði er frumvarpið verulega frábrugðið VSL, það er að sameiginlega er fjallað um allar skaðatryggingar, en þeim ekki skipt niður í mismunandi flokka eins og í VSL, þar sem í II. kapitula um skaðatryggingar er fyrst fjallað í A um almenn ákvæði, þá um sjóváttryggingar og aðrar flutningatryggingar í B, brunatryggingar í C, sérstaklega um búfjáratryggingar í D og loks um ábyrgðartryggingar í E.

Meginregla og einstök ákvæði. VSL byggjast á þeirri meginreglu, að ákvæði laganna eru frávikjanleg, nema sérstaklega sé kveðið á annan veg. Í nýja frumvarpinu er sú grundvallarbreyting, að þessu er snúið við, lögin yrðu ófrávikjanleg nema öðruvísi væri sérstaklega kveðið á. Ljóst er, að frá því sjónarmiði aukinna neytendaverndar, sem frumvarpið byggist svo mjög á, er þessi skipun æskileg. Á hitt verður þó einnig að líta, að einn helsti kostur VSL, eins og bent er á í athugasemdum með frumvarpinu, hefur einmitt verið talinn sá, að þau eru frávikjanleg, sem m.a. hefur leitt til þess að löggjöfin hefur ekki staðið í vegi þróunar í váttryggingastarfsemi. Með þessari breytingu má segja, að tekin sé nokkur áhætta, þótt benda verði á, eins og gert er í athugasemdum, að æðimörg svið eru skilin eftir til frjálsrar sammingsgerðar og þannig, a.m.k. að nafninu til, haldið við meginreglu íslensks réttar um sammingsfrelsi.

Geta verður þess, að í frumvarpinu er þess freistað að leysa, a.m.k. að hluta þann vanda, sem stafar af skörun varúðarreglna og hlutlægra reglna um takmörkun ábyrgðar. Er sú leið farin að skilgreina mun fleiri reglur sem varúðarreglur, sem þá leiðir til þess að félagið getur orðið greiðsluskilytt þótt ekki sé hafi í hvívetna verið farið eftir reglunum, í stað þess að ábyrgð þess félli niður vegna hlutlægra reglna um ábyrgðartakmörkun. Má um þetta vísa til skilgreiningar á varúðarreglum í 2. gr. og ákvæða 10. gr. um váttryggingarskírteini.

Í frumvarpinu eru allitarleg ákvæði um hópvatryggingar, sem ekki hafa verið í lögum, og er mikill fengur að skýrum reglum í þessu efni. Er um hópvatryggingar fjallað í 9. og 19. kafla laganna.

Einstök ákvæði. Þótt frumvarpið sé góð smíð, fer ekki hjá því að ýmis álitaefni vakna um einstök ákvæði þeirra. Eins og greint var, er meginregla frumvarpsins að ákvæði þess séu ófrávikjanleg.

2. og 11. kafli um upplýsingaskyldu félagsins. Í samræmi við þau sjónarmið, sem frumvarpið byggist á, eru ítarlegur reglur um upplýsingaskyldu félagsins, en slíkar reglur

er engar að finna í VSL og er þetta mjög til bóta og er ekki einungis váttryggignartökum til hagsbóta, heldur auðveldar og váttryggingastarfsemina sjálfa þar sem félaginu er þá ljóst, hvaða skyldum það hefur að gegna í þessu efni.

3. og 12. kafli um váttryggingasamninginn sjálfan. Í 13. og 74. gr. er fjallað um upphaf ábyrgðar félagsins. Í 11. gr. VSL er kveðið svo á, að hafi váttryggingasamningur hafi verið gerður, en ekki ákveðið hvenær ábyrgð félagsins hefjist, skuli hún hefjast kl. 6 síðdegis þann dag, þegar félagið eða váttryggður hafa sent frá sér orðsendingu um, að hann samþykki tilboð hins. Í 13. og 74. gr. er sett sú sérkennilega regla, að þetta tímamark skuli miðað við kl. 00.00 þann dag sem samþykkið var sent, að því þó tilskildu að beiðni um váttryggingu hafi borist a.m.k. deginum áður. Þótt rök megi færa fyrir þessari tilhögun, eins og gert er í athugasemdum, leiðir reglan samt sem áður til þess að ábyrgð félagsis geti hafist áður en eiginlegur váttryggingasamningur er kominn á. Sýnist ljóst, að reglan leiði fremur til hættu á misnotkun en nügildandi ákvæði.

36. gr. um bundið váttryggingarverð, það er svokölluð verðsett skírteini. Þessi grein kemur í stað 39. gr. og 2. mgr. 75. gr. VSL. Þótt sjaldan reyni á ákvæði um verðsett skírteini, sem einkum eiga við í sjótryggingum, sbr. 2. mgr. 75. gr. VSL, er mjög varasamt að afnema þau sönnunarfæri, sem veitt eru í 2. mgr. 39. gr. VSL, en í 1. mgr. þeirrar greinar kemur fram sú meginregla váttryggingaréttar, að óskýlt sé að greiða hærra bætur en með þarf til þess að bæta það tjón, sem orðið hefur.

44. gr. Ábyrgðartrygging. Með þessari grein er bætt úr vanda þeirra, sem öðlast bótarétt á hendur váttryggðum. 44. gr. og 45. og 46. gr. eru mikil réttarbót án þess að séð verði, að það auki beinlínis þá þann kostnað, sem félagið hafði samið um að bera ábyrgð á samkvæmt samningi um ábyrgðartryggingu.

49. gr. Skuldajöfnuður. Ein tegund ákvæða, sem vantað hefur í VSL er um rétt félagsins til skuldajafnaðar, þótt dómaframkvæmd, einkum í Danmörku, hafi mótað réttarreglur í því efni. Á þessu er tekið í 49. gr. frumvarpsins og er það mjög til bóta.

82. gr. Persónuupplýsingar í persónuþryggingum. Í 2. mgr. er, í samræmi við nútímasjónarmið um vernd viðkvæmra persónuupplýsinga, kveðið á um að félagið geti ekki freistað þess að afla sér upplýsinga um erfðaeiginleika manns og hættu á að hann fái tiltekna sjúkdóma, þótt heimilt sé, sem sjálfsagt er, að óska eftir upplýsingum um fyrri heilsufari manns eða annarra einstaklinga. Er með þessu tekið á vanda, sem víða hefur orðið um trygginganeitun.

Lokaorð. Í ljósi þeirrar stjórn málaákvörðunar, sem tekin var um að setja nýja heildarlöggjöf um váttryggingasamninga, hefur mjög vel tekist til um gerð frumvarpsins að mati laganefndarinnar. Augljóst er, að til endurskoðunar löggjafar var fullt tilefni og vinnubrögð við undirbúning frumvarpsins hafa verið til mikillar fyrirmyndar að mati nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður